



418. Stjórnarfundur haldinn 21. okt. 2013 kl:17:30

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Sigurvin Guðfinnsson (SG), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA), Guðjón Axelsson (GA) og Bjarney S. Snævarsdóttir (BS). Þórður Magni Kjartansson (PMK) fjarverandi.

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá VÍS v/launþegatryggingar. *Móttekið.*

Bréf frá ÍSÍ v/5.gr.a. laga ÍSÍ „Starfsskilyrði í íþróttahreyfingunni“. *Framkvæmdastjóra falið að senda á stjórnir deilda XX11 kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.*

Bréf frá laganefnd UMFÍ v/laga Keflavíkur. *Laganefnd UMFÍ gerir ekki athugasemdir við lög Keflavíkur.*

Bréf frá stjórn knattspyrnudeildar v/kvennaknattspyrnu og þjálfara. *Ákveðið að fá formann knattspyrnudeildar á fund aðalstjórnar.*

Tölvupóstur frá Guðmundi Karli Einarssyni gjaldkera æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar v/afnota af sölum félagsins 25., 26. og 27. okt. 2013. *Samþykkt og framkvæmdastjóra falið málið.*

3. Send bréf.

Engin.

4. Þing UMFÍ.

Keflavík sendi sjö þingfulltrúa á 48 sambandsþing UMFÍ 12. – 13. okt. 2013 í Stykkishólmi. Formaður endurkjörinn og mannbreytingar í stjórn.

5. Jólblað Keflavíkur.

Umræður um verðlagningu á auglýsingum. Búið að senda tölvupóst á deildir félagsins um að skilafrestur á greinum sé 13. nóvember 2013. Lagt er til að blaðið verði áfram í höndum Staparents með uppsetningu og prentun. *Framkvæmdastjóra falið málið.*

6. Önnur mál.

Umræður um félagsheimilið. BS kom inn á að dúkar væru til á hagstæðu verði í Rúmfatalagernum. *Framkvæmdastjóra falið að skoða málið og athuga hvort hægt sé að fá dúka með logói félagsins.*

Umræður um aðstöðu fyrir gripi félagsins. *KG falið að ræða við forstöðumann íþróttahússins varðandi afnot af herbergi á neðri hæð íþróttahússins að sunnanverðu undir gripi félagsins.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:05

Fundinn ritaði SG

